

SKÝRSLA RERIDVEGANEFNDAR FYRIR ÁRIÐ 2024, LÖGÐ FYRIR AÐALFUND BORGFIÐINGS Í NÓVEMBER.

Í nefndinni sitja Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Halldór Sigurðsson, Kolbeinn Magnússon. Reynir Magnússon og Davíð Sigurðsson.

Nefndin hélt 5 fundi á árinu, fjóra í Vindási og einn í hesthúsi Halldórs.

Á árinu 2023 hafði nefndin úr helmingi minni fjármunum að spila en árið áður eða um 2,8 milljónum. Aðeins batnaði það núna á árinu 2024 þar sem við höfðum rúmlega 3,5 milljónir samanlagt í héraðsverkefni og landsvegi. Á fyrstu fundum var farið yfir verkefni og jafnframt sendur póstur á félagsmenn þar sem við báðum um tillögur að verkefnum. Lítil svör bárust við þeim pósti en nokkur þó.

Skipting er þannig að til héraðsvega komu 2.375.114 kr. og í ferðaleiðir komu 1.193.857 kr.

Á árinu 2022 var lagt af stað með reiðveg frá Brennistöðum og fram að Gufuá. Það ár voru settir fjármunir í þá framkvæmd, sem að hluta fóru í efniskaup og að hluta voru þeir geymdir hjá verktaka til að þeir týndust ekki milli ára.

2023 fóru áfram fjármunir í þann veg og í umsókn okkar til LH og Vegagerðar var tekið fram fyrir árið 2024 að við ætluðum okkur að halda áfram með það verkefni.

Eins og fram kom í fyrra þá náðist ekki að semja um veginn við landeigendur þannig að fjármunirnir fóru að hluta í önnur verkefni og til efniskaupa.

Nú hefur verið samið um nýtt vegstæði og frekari efniskaup, sérstaklega á grófu efni sem fer neðst í þá vegalögn. Veðrið hefur ekki farið vel með okkur en við stefnum ótrauð á að hefja verkið nú mjög fljótlega. Í þetta verkefni var sett ein milljón kr. E.t.v. meira ef vel gengi að vinna.

Þá var einnig ákveðið að vinna að endurbótum á reiðvegum í Logalandsflóa og í gegnum Kleppjárnsreykjahverfið. Brynjar Bergson vann það verk og er látið mjög vel af því verki. Kostnaður var rúmlega 1.734 þúsund. Mjög vel unnið og frágengið.

Þá var einnig ákveðið að setja 500 þús í að lagfæra veg frá Brennistöðum og yfir að Kópareykjum. Skyldi farið yfir með gröfu og grjóti ýtt úr veginum og ræsi lagfærð. Vegna ótíðar og drullu gaf aldrei í þá framkvæmd í sumar.

Þeim fjármunum er enn óráðstafað en trúlega fara þeir einnig í Gufuárveg.

Gerðið í Sópandaskarði var sett upp. Fórum við Marteinn Valdimarsson einn góðan dag og börðum niður staurana sem löngu voru keyptir. Settum jafnfram borða og skiptum gerðinu í tvennt. Rifum við líka upp gamla víra og hirtum annað rusl. Staurarnir voru fluttir á staðinn af ágætum fjórhjólalæingum og félögum í Borgfirðingi, ef ég veit rétt. Enn hefur ekkert verið greitt fyrir þessi viðvik. Það sem verra er að trúlega hefur enginn notað gerðin ennþá, en það kemur að því.

Eitt verkefni hefur reynst okkur erfitt og við verðum að ræða það áfram við vegagerðina. Það er reiðleið meðfram veginum yfir Kleifar í landi Síðumúla. Lagður var reiðvegur frá Borgarfjarðarbraut að Hvítársíðuvegi en síðan vildi Vegagerðin að riðið væri að Síðumúla og gömul tröð tekin þaðan upp Kleifar. Okkur var sagt að leyfi væri fyrir því að fara þá leið. Í sumar var þessi tröð alveg ófær. Jafnframt var okkur tilkynnt að syni Eyjólfss að það væri mikill misskilningur að það yrði leyft að fara með hrossarekstra. Því er ljóst að við verðum að taka umræðu við Vegagerðina um þennan spotta sem þarna er eftir.

Sæll Sveinbjörn og takk fyrir gott spjall.

Það virðist gæta misskilnings hjá Vegagerðinni í sambandi við reiðveg yfir hálsinn í Síðumúla.

Það sem Eyjólfur bóndi átti við með að hafa opin reiðveg yfir hálsinn, þá átti hann við að nágrannar okkar mættu nota þennan gamla veg og þar sem þau þekkja þessa leið og þær hættur sem leynast þarna.

Það er ekki í boði að bjóða Pétri og Páli með hrossahópa þarna í gegn, því miður yrði það hættulegt bæði mönnum og hrossum, sem ekki þekkja þessa leið.

Ég er búinn að ræða þetta við Vegagerðina en ekki verið hlustað á mig, svo núna vonast ég til að þetta gangi betur.

Guðmundur Pétursson hjá Vegagerðinni er í cc.

Kær kveða
Þorvaldur Þ Eyjólfsson

Úthlutun ársins var því 3.234.þús og rúmar 300 þús voru geymdar ef upp kæmu brýn verkefni. Þau hafa ekki bankað á dyrnar og því er þeim óráðstafað.

Fyrir ekki löngu síðan kom póstur frá LH.

Sæl verið þið

Ég var að fá í hendur hreyfingalista reiðvega frá Vegagerðinni, eins og þið sjáið þá búið að framkvæma fyrir tæpl. 28 m.kr [1]. af 100 m.kr [2]. Vinsamlegast ýtið við félögunum, hver á sínu svæði, svo við missum ekki af þessu fyrir veturinn.

Þar kemur fram að af 100 milljónum er einungis búið að skila reikningum fyrir 28 milljónum. Það eru því örugglega fleiri en við sem lendum í því að það er ekki vinnufært og ekki hægt að ganga í þau verk sem fengu úthlutun.

En við getum vonandi klárað okkur fyrir áramót.